



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing SAGA3CD05	

Búið til – útg.	29. maí 2015 – 1. útg
Námsgrein	Saga
Titill	Saga og kvikmyndir
Skammstöfun	SAGA3CD05
Viðfangsefni	Saga og kvikmyndir
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	3
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	<p>Almenningur, bæði börn og fullorðnir, fá mikinn hluta af sinni þekkingu í sögu úr kvikmyndum eða sjónvarpi en ekki úr sögubókum eða kennslu. Vald kvikmynda til skoðanamyndunar er því gríðarmikið. Kvikmynd er tvenns konar heimild um fortíðina; sem eftirheimild um það einhvern atburð úr fortíðinni eða sem frumheimild um þær skoðanir framleiðenda og þann tíðaranda sem ríkti í samfélaginu þegar myndin var gerð. Í áfanganum skoðum við kvikmyndir sem heimild út frá báðum þessum sjónarhornum, með sérstakri áherslu á það seinna. Valdir verða nokkrir atburðir úr mannkynssögunni og verður horft á tvær kvikmyndir eða sjónvarpsþátt um hvern atburð. Myndirnar verða svo settar í sögulegt samhengi þess tíma sem þær voru gerðar og bornar saman hvernig þær setja fram atburðina fyrir áhorfandann. Takmarkið er að sjá hvernig viðhorf til sögulegra atburða breytast með tímanum og hvernig fólk getur séð sömu atburði frá mismunandi sjónarhornum allt eftir þjóðerni, kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum og ekki síst þeim tíma sem þeir lifa á.</p>
Forkröfur áfanga	SAGA2BA05 eða SAGA2BB05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • því hvernig sagan birtist í kvikmyndum og öðru afþreyingarefni • hvaða áhrif samfélagið hafi á gerð slíks efnis • áhrifum slíks efnis á söguskoðun í samfélaginu • mikilvægi gagnrýnnar hugsunar.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • meta sögulegt efni í kvikmyndum og öðru afþreyingarefni

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing SAGA3CD05	

	<ul style="list-style-type: none"> • nota viðurkenndar heimildir til að mynda rökstudda skoðun • nýta fræðilegt efni jafnt á íslensku sem erlendum tungumálum • beita gagnrýninni hugsun • nýta sögulegt efni til að búa til afþreyingarefni.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geta tjáð skoðanir sínar á rökstuddan hátt í ræðu og riti • geta beitt gagnrýninni hugsun á markvissan hátt • geta búið til sögulegt afþreyingarefni á skapandi hátt • skilja áhrif sögulegs afþreyingarefnis á samfélagið og miðlað skoðun sinni • geta sett fram efni með verklagi sagnfræðinnar á viðurkenndan hátt.
Námsmat	Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Mikil áhersla lögð á þátttöku nemenda í tímum og umræður. Engin skrifleg lokapróf.